

ÁKVÖRÐUN nr. 176**frá 24. júní 1999**

um endurgreiðslu þar til bærrar stofnunar aðildarríkis á kostnaði sem stofnað er til á meðan dvalist er í öðru aðildarríki í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (96/249/EB)

(2000/582/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Það er í verkahring þar til bærrar stofnunar að hefja málsmeðferð sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.
- 2) Þessi málsmeðferð felur í sér einföldun stjórnsýslu og stuðlar að skjótri endurgreiðslu sem er hinum tryggða í hag.
- 3) Því er ráðlegt að auka möguleika á skírskotun til þessarar málsmeðferðar og að hækka hámarksmörkin eins og kveðið er á um í ákvörðun nr. 161 frá 15. febrúar 1996 og síðan komi ný ákvörðun í stað þeirrar ákvörðunar.
- 4) Ákvörðunin er tekin á grundvelli 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skulu aðeins gilda ef heildarfjárhæð kostnaðar, sem stofnað er til við tímabundna dvöl, er lægri eða jöfn fjárhæðinni sem er ákveðin af hverju aðildarríki, þó ekki hærri en 1 000 evrur.
2. Við beitingu ákvæðanna, sem um getur í 1. lið, skal fjárhæð kostnaðar, sem stofnað er til, breytt, ef þörf krefur, í gengið sem er í gildi þann mánuð sem endurgreiðslan fer fram.
3. Þessi ákvörðun, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 161, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Arno BOKELOH

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.